



Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. október .2023
2309224/0.4.1

Efni: Mál nr. 226 til umsagnar frumvarp til laga um tóbaksvarnir (innihaldsefni, umbúðir o.fl.)

Vísað er til beiðni nefnda- og greiningarsviðs Alþingis um að embætti landlæknis taki til umsagnar mál nr. 226 frumvarp til laga um tóbaksvarnir (innihaldsefni, umbúðir o.fl.) dags. 28.9.2023.

Frumvarpið er endurflutt en það var lagt fram á síðasta löggjafarþingi. Embættið vísar í umsögn sína um málið á fyrri stigum.


Í umræðum um málið á fyrra þingi var því meðal annars velt upp hvort gengið væri of langt með því að banna einkennandi bragðefni í sígarettum og vafningstóbaki. Í þessu sambandi áréttar embætti landlæknis að einn af mikilvægustum þáttum tóbaksvarna er að koma í veg fyrir að ungt fólk byrji að reykja og verði háð reykningum og tóbaksnotkun.

Ungt fólk er nýjungagjarnt og tilbúið til að prófa ýmislegt sem því finnst spennandi. Skaðsemi vörunnar hefur þá jafnan minna vægi við ákvörðunartökuna. Með bragðefnum er tóbak tvímælalaust gert meira freistandi og aðlaðandi og þar með gert auðveldara að hefja notkun þess.

Fyrirliggjandi rannsóknir sýna að ungt fólk er ginnkeyptara fyrir tóbaki með bragðefnum. Ungmenni sem höfðu prófað bragðbætt tóbak voru líklegri til að nota tóbak að staðaldri en þau sem höfðu einungis notað tóbak án bragðefna. Rannsóknir gefa jafnframt til kynna að ekki einungis sé líklegra að ungt fólk byrji að nota bragðbættar tóbaksvörur heldur verði þau háðari tóbaksnotkun og eigi erfiðara með að hætta henni þegar vörurnar eru bragðbættar.

Með vísan til framangreinds styður embætti landlæknis það eindregið að frumvarpið nái fram að ganga á yfirstandandi löggjafarþingi.

Virðingarfyllst,


Kjartan Hreinn Njálsson
aðstoðarmaður landlæknis